

9. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

22. ágúst 2019, Reykjavík kl. 17:30

Mætt eru: Geir Finnsson (GF), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF) og Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS).

Frá skrifstofu: Tinna Isebarn (TI) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

Fundur settur 17:42

Fundarstjóri: Geir Finnsson

Dagskrá:

1. **Nýr meðstjórnandi:** SÁS kynnir sér [siðareglur LUF](#) og skrifar undir þær.
2. **Fundargerðir til samþykktar:**
 - 2.1. [Fundargerð](#) 8. stjórnarfundur. **Samþykkt.**
 - 2.2. [Fundargerð](#) 2. fulltrúaráðsfundur. **Samþykkt.**
3. **Vinnureglur stjórnar:**
 - 3.1. Um hlutverk varamanna: TI útskýrir breytingatillögu frá skrifstofu. Var hún **samþykkt.**
 - 3.2. Hlutverk nýs meðstjórnaða: Samþykkt var að SÁS taki við hlutverki Lýðræðis- og mannréttindafulltrúa stjórnar.
4. **Ábyrgðarsvið [framkvæmdaáætlunar](#):** Breytingar á ábyrgðarhlutverkum var samþykkt.
5. **Frá skrifstofu:**
 - 5.1. Vakin var athygli á verkefnalista stjórnar til upplýsinga.
 - 5.2. Tilkynning um breytt lögheimili félagsins: Fengum athugasemdir frá Fyrirtækjaskrá um að rangt nafn væri tilgreint í tilkynningu og að ný stjórn væri ekki skráð hjá Fyrirtækjaskrá. SHB svaraði og óskaði eftir að tilkynningin væri tekin til greina þar sem öll nauðsynleg gögn eru til staðar, rétt kennitala er á tilkynningunni og nýjustu upplýsingar um stjórn opinberar í fundargerð sambandsþings á heimasíðu félagsins. Þá benti SHB á að stjórn hafi verið uppfærð nokkrum sinnum frá þeim upplýsingum sem skráðar eru hjá Fyrirtækjaskrá. Við bíðum enn eftir svörum.
6. **Húsnæðismál:** SHB kynnti þau úrræði sem hafa verið skoðuð.
7. **Leiðtogaskólinn 2019, tillögur frá stjórn LSÍ:**
 - 7.1. Samþykkt var að halda áfram með innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem þema skólans. Mikilvægt er að vinna að innleiðingu þeirra áfram og því vel við hæfi að halda áfram þeirri vinnu.
 - 7.2. Fjórar nýjar umsóknir bærust í Þjálfarateymi LUF og voru þær allar samþykktar.
 - 7.3. Lagt var til að skólinn fari fram helgarnar 12.-13. og 19.-20. október. Var það samþykkt.
 - 7.4. Tillaga að stundatöflu var samþykkt með fyrirvara um breytingar.
 - 7.5. Tillaga að þjálfarateymi fyrir LSÍ 2019 og niðurröðun þjálfara á námskeið var samþykkt með fyrirvara um breytingar.

- 7.6. Tillaga að tímakaup haldist óbreytt frá fyrra ári. Var það samþykkt.
8. **Alþjóðamál:**
- 8.1. Alþjóðanefnd LUF: Lagt var til að alþjóðanefnd fundi sem fyrst, setji sér markmið fyrir starfsárið, endurskoði vinnureglurnar og skilgreini aðkomu ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum að nefndinni. TI var falið að tengja hópinn saman. SÞF fundar með skrifstofu í næstu viku til að fara yfir starfið.
- 8.2. SÞF lagði til að gera athugasemdir við „EU Youth Conference“ og tók hún að sér að bera málið upp á YFJ strategic meeting og ræða við Silju frá Allianssi.
- 8.3. Fundur með NBC 22. ágúst.
- 8.4. YFJ Strategic. SÞF fer fyrir hönd LUF. SÞF fer yfir vinnuna og mun deila skjali með stjórn og skrifstofu svo hægt sé að koma með athugasemdir. Markmið að virkja Alþjóðanefnd í vinnu sem þessa og að hún geti borið tillögur að breytingum/athugasemdum undir stjórn.
9. Boð á „Exploring different models of democratic participation: fostering youth participation through the European Youth Card“ sem fer fram í Strasbourg, 17.-18. október. SÁS mun kanna hvort enn sé hægt að skrá sig á ráðstefnuna.
10. **Aðildarmál:** Kóder starfar ekki lengur sem frjáls félagasamtök og uppfyllir því ekki lengur aðildarskilyrði. Aðildarfélög LUF eru því nú 30 talsins.
11. **Skuggaping:** Drög að verklýsingu stýrihóps voru kynnt fyrir stjórn. Vegna anna hjá félaginu var lagt til að fresta þingi þar til á næsta ári. Skrifstofu var falið að tryggja fjármögnun og undirbúning verkefnisins. LMJ og SÁS funda með skrifstofu. LMJ boðar fund með SÁS og skrifstofu sem fyrst til að útfæra næstu skref.
12. **Næsti stjórnarfundur.** Ákveðinn síðar.
13. **3. Fulltrúaráðsfundur.** Verður 30. október.
14. **Önnur mál.**

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:22
SHB ritaði fundargerð*